

Sigurður Harðarson
Fögrubrekku 41
200 Kópavogur



Reykjavík 21. desember 2015
UST201512-131/S.P.
09.07.01

Efni: Umsókn um fararleyfi í Eldey - lagfæring á myndavélum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi frá Sigurði Harðarsyni, dagsett 21. desember 2015, vegna óskar um fararleyfi til Eldeyjar á tímabilinu 28. desember 2015 til 25. janúar 2016.

Eldey var friðuð árið 1974, sbr. auglýsing nr. 119/1974 í B-deild Stjórnartíðinda. Bannað er að fara í eyjuna án leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing umsóknar:

Samkvæmt umsókn er tilgangur ferðarinnar að skipta um rafgeyma fyrir vefmyndavél sem staðsett er á Eldey. Jafnframt er sótt um leyfi fyrir sprengjudeild Landhelgisgæslunnar til þess að skoða sprengju sem fannst fyrir tveimur árum. Flogið verður með þyrlu Landhelgisgæslunnar út í eyjuna og ræðst tímasetning m.a. af veðri.

Áhrifamat:


Umhverfisstofnun telur að leiðangurinn muni ekki stofna lífríki Eldeyjar í hættu ef farið verður eftir þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur.


Skilyrði:

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið á tímabilinu 28. desember 2015 til 25. janúar 2016:

- Ganga skal snyrtilega um eyjuna, forðast allt rask og fjarlægja allt rusl.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrir mælum starfsmanns Umhverfisstofnunar, sem verður með í för.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun með a.m.k. tveggja daga fyrirvara hvenær flogið verður út í eyjuna.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Svava Pétursdóttir
Sérfræðingur